




Bls. x



Gaman í Húsafelli

Bls. 8

Frábært úti

Bls. 8

Ný leið í leikskólanámi

Bls. 38



Brakandi blíða á Spáni



Njóttu sumarsins!

HVÍTA HÚSID / SÍA / ACTAVIS 505031

Lóritín® – Kröftugt ofnæmislyf



Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta.

Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtnun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

actavis
haaur í heilsu



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag

Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson

Guðmundur Þ. Jónsson

Sigurður Bessason

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Ágúst Þorláksson

Elva Tryggvadóttir

Fjóla Jónsdóttir

Garðar Vilhjálmsson

Guðmundur Þ. Jónsson

Guðrún Kr. Óladóttir

Harpa Ólafsdóttir

Hjálmríður Þórðardóttir

Hjördis Baldursdóttir

Hjördis Þorsteinsdóttir

Hulda Hafsteinsdóttir

Ingunn Þorsteinsdóttir

Kristjana Valgeirsdóttir

Margrét Davíðsdóttir

Oddný Einarisdóttir

Ólöf Björk Björnsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Sigurður Bessason

Sigurlaug Gröndal

Sveinn Ingvason

Tryggvi Marteinsson

Þórdís Andrésdóttir

Þórir Guðjónsson

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir

Elín Baldursdóttir

Elín Hanna Kjartansdóttir

Hallsteinn Friðbjófnsson

Starfsali

Kolbrún Stefánsdóttir

Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,

auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Helgi G. Gunnarsson

í vinnu hjá Borgargörðum

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1.

Sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Þráinn Hallgrímsson

Hreyfiafl breytinga

Verkalýðshreyfingin þarf ætíð að vera hreyfiafl breytinga. Hreyfing sem ekki þróast og breytist með samtíð sinni kodnar fljótt niður og verður að engu. Þetta á ekki síst við ef þjóðfélag er í mikilli mótun eins og íslenskt samfélag hefur verið undanfarin ár.

Því verður ekki mótmælt að verkalýðsfélögin hafa sannarlega verið dugleg við að taka til í sínum eigin ranni á liðnum árum. Það á bæði við um félögin sjálf, lífeyrissjóðina og ýmiss konar starfsemi s.s. fræðslustarfið sem er hluti af starfsemi félaganna.

Sameining stéttarfélaganna undanfarin ár, bæði á Reykjavíkursvæðinu þar sem Efling varð til við samruna fimm eldri stéttarféлага og sameining stéttarféлага úti um land hefur leitt til gríðarlegrar breytinga fyrir félagsmennina. Mikil hagræðing hefur átt sér stað. Allt starf að menntamálum félagsmanna hefur verið stóreflt. Þjónusta við félagsmennina hefur tekið stakkaskiptum bæði í orlofsmálum og öðrum mikilvægum þáttum svo sem aðstoð lögmannna. En það sem mestu skiptir er að tekist hefur að stórauka réttindi félagsmanna. Nýjasti ávinningurinn er tekjutenging Sjúkrasjóðs Eflingar frá 1. júní sl. Hér eftir fær þorri félagsmanna Eflingar langstærstan hluta af tekjum sínum úr Sjúkrasjóði við veikindi og slys.

Lífeyrissjóðirnir hafa einnig verið að umbreyta sér til að mæta vaxandi kröfum um að skila eigendum sínum eins miklum arði til að mæta ævkvöldinu og kostur er. Það eru ekki nema nokkur ár síðan Lífeyrissjóðurinn Framsýn varð til við samruna skyldra lífeyrissjóða og nú á þessu ári hefur önnur sameining átt sér stað þegar Gildi Lífeyrissjóður varð til við sameiningu Framsýnar og Lífeyrissjóðs Sjómannna. Um leið verður tekið upp aldurstengt ávinnslukerfi lífeyrisréttinda í sjóðnum. Þessar breytingar í lífeyrissjóðunum eiga örugglega eftir að skila félagsmönnum stéttarfélaganna miklum ávinningi í aukinni hagræðingu, betri þjónustu og vonandi góðri ávöxtun áfram.

Það er umhugsunarvert að þessar miklu breytingar í umhverfi stéttarféлага og lífeyrissjóða hafa gengið fyrir sig án átaka og deilna. Þær hafa heldur ekki vakið mikla athygli þó þær hafi veruleg áhrif á kjör og réttindi tugþúsunda launafólks. Sameining fyrirtækja er mikið fjölmiðlaefni sérstaklega þegar um stór fyrirtæki er að ræða. En það er greinilega mat samtíma fjölmiðla að róttækar breytingar á félagslegu umhverfi launafólks séu ekki að sama skapi merkilegar til umfjöllunar. Þetta er umhugsunarefni fyrir forystu- og félagsmenn stéttarfélaganna.

Pau mikilvægu viðfangsefni sem nú blasa við stéttarfélaginu í þjóðfélaginu eru margvísleg. Þar er mest um vert að byggja stöðugt upp gott samband við félagsmennina og reyna ný úrræði í því að ná til fólks þegar félögin stækka. Hið gamla fundaform er þar greinilega á undanhaldi og líklegt að sambandið við félagsmennina færist meira inn á vinnustaðina, í fræðslustarfið og fundi um sérmaal sem snúa að hinum margvíslegu hagsmunahópum félagsmanna.

Fyrirtækin eru stöðugt að stækka og eflast og fjármálavald þeirra að færast á færri og færri hendur. Það er óhjákvæmilegt að stéttarfélagin haldi áfram að eflast og stækka þó að það sé alls ekki markmið í sjálfu sér. Markmiðið hlýtur að vera að geta tekist á við atvinnurekendur á jafnræðisgrundvelli á öllum sviðum með hagsmuni launafólks fyrir augum.

Það er einmitt mikilvægt að gera sér vel grein fyrir því að þetta gerist ekki nema með öflugu starfi gagnvart sveitarstjórnnum, ríkisvaldi og Alþingi. Ríkisvaldið og Alþingi hafa á undanförunum árum verið mjög hliðholl stórfyrirtækjum langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Stéttarfélagin þurfa nú að efla starfsemi sína og vanda öll vinnubrögð til að takast á við þjóðfélagsöfl sem sannarlega eru ekki alltaf launafólki hliðholl.

Þráinn Hallgrímsson

EFNISYFIRLIT

Yfirgnæfandi meirihluti samþykkti	4	Margir fá úthlutun	29
Indverskur matur	6	Glæsilegur stofnfundur	30
Frábært úti	8	Stóraukinn réttur í sjúkrasjóði	32
Skemmtilegt fyrir börnin	10	Kerlingafjöll	33
Náðu tökum á lesblindu	12	1. maí í máli og myndum	34
Ungir karlar með minnstan tíma	13	Vetrarleiga	35
Gott að kynna	17	Spennandi jöklaferð	37
Köben í vetur	18	Brakandi blíða á Spáni	38
Námsráðgjöf á vinnustöðum	20	Starfsmat hjá OR	39
Ný leið í leikskólanámi	21	Byggir upp	40
Efling í alþjóðasamstarfi	22	Besti skólinn	42
Heiðmörkin okkar	26	Brjóstaminnkun og læknaaðgerð	46



Frá undirritun kjarasamninganna

Kjarasamningur við Launanefnd sveitarfélaga

Fjölmörg **aukin réttindi** með nýjum samningi

Fjölmörg mikilvæg atriði og aukin réttindi náðust fram í nýjum kjarasamningi Eflingar og Launanefndar sveitarfélaga sem skrifað var undir laust eftir miðnættið 29. maí sl. Samningurinn er með gildistíma frá 1. maí 2005 – 30. nóvember 2008. Gengið var samhliða frá kjarasamningi við BSRB félögin og var lögð talsverð vinna í að samræma kjarasamning Eflingar og Starfsgreinasambandsins við kjarasamninga BSRB félaganna. Þessi samræming færði okkar félagsmönnum talsverð aukin réttindi. Þá er ein samræmd launatafla með fimm lífaldursþrepum.

Almenn launahækkun á samnings-tímabilinu er tæplega 14% en auk þess hækka byrjunarlaun um 12,1% í upphafi þar sem að tvö lægstu launaprepin eru felld út. Að meðaltali er hækkun

vegna launatöflubreytinga um 0,7%.

Upphafshækkun 1. maí 2005 er 4,24%,

þá hækka laun 1. janúar 2006, 2007 og 2008 um 3% í hvert sinn. Auk þess hækka laun í júní 2006 að meðaltali um ríflega 2% vegna breytinga á tengingu starfsmats í launatöflu.

Framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð fer í 11,5% og framlag starfsmanna lækkar úr 5% í 4%. Þá mun launagreiðandi greiða 2% í séreignarsjóð á móti 2% framlagi launamanns.

Framlag launagreiðanda í fræðslusjóð rúmlega tvöfaldast og verður komið í 0,72% 1. janúar 2007.

Símenntunarkafllinn er breyttur frá fyrri samningi, þar sem að hæfnislaunaflokkar vegna símenntunar falla niður en í staðinn kemur inn svokallað persónuálag sem leggst við launaflokk og þrep viðkomandi einstaklings og myndar þannig nýjan grunn sem afleiddar launatölur taka mið af. Persónuálag vegna símenntunar miðast við starfsaldur hjá sveitarfélögum, þannig að eftir 1 ár fær viðkomandi 2%, eftir 5 ár 4% og eftir 9 ár 6%. Núverandi starfsmenn halda þeirri álagsprósentu sem þeir hafa áunnið sér miðað við símenntunarkafla úr fyrri kjarasamningi.

Stúdentspróf eða framhaldsskólapróf er nú einnig metið sem 4% ofan á grunnlaun og 15 ára starfsaldur hjá sveitarfélögum, eins konar trygðarflokkur gefur 2%. Þarna er mjög mikilvægt að félagsmenn gæti að því að búið sé að meta uppsafnaðan starfsaldur hjá öllum þeim sveitarfélögum sem þeir hafa starfað hjá (einnig Reykjavíkurborg).

Búið er að kynna félagsmönnum helstu atriði kjarasamningsins og bera hann undir atkvæðagreiðslu.

Sveitarfélagasamningar

Yfirgnæfandi meirihluti samþykkti

Talning fór fram í atkvæðagreiðslu um kjarasamning Eflingar-stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga föstudaginn 10. júní sl. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru eftirfarandi.

325 manns voru á kjörskrá.

92 greiddu atkvæði atkvæði og var því kjörsókn um 28%.

79 manns sögðu já eða 86% og

13 manns sögðu nei eða 14%.

Samningurinn var því samþykktur af hálfu félagsmanna Eflingar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.




Skyr



FIGURÐ - HREYSTI - HOLLUSTA



George Holme fyrir framan húsið á Frakkastíg 12 þar sem veitingastaðurinn verður á jarðhæðinni.

Að láta drauminn rætast

Alltaf langað að opna veitingastað

-segir George Holme



George Holme með indverska rétti sem hann matreiðdi.

Það er ekki á hverjum degi að félagsmenn í Eflingu opna veitingastað. En seinni hluta júnímánaðar ætlar George Holme, indverskur matreiðslumaður, að opna veitingastað á Frakkastíg 12. Hann hefur búið á Íslandi undanfarin ár og starfað sem matreiðslumaður m.a. á Naustinu og Kaffi Reykjavík. George er gott dæmi um landnema sem hefur lagt hart að sér í mörg ár til að eignast sitt eigið fyrirtæki. Nú er draumur hans að rætast.

George er fæddur og uppalinn í Goa-héraði á Indlandi og fór í matreiðsluskóla á Indlandi árið 1980. Móðir mín bjó til mjög góðan mat og ég hef mataráhugann frá henni, segir hann. Ég kom til Íslands í mars 2001 en þá hafði ég búið í mörgum löndum og starfað við

matreiðslu hjá Four Seasons Hotel Group í Bretlandi, Svíþjóð, Þýskalandi og á Nýja Sjálandi. Ástæðan fyrir því að ég kom hingað var að ég lærði um landið þegar ég var í skóla heima á Indlandi og varð mjög áhugasamur, þegar ég heyrði að hér væri allt hvítt af snjó. Ég trúði því reyndar að fólkið ætti heima í snjóhúsum og ferðaðist um á sledum.

George segir að dvölin hér hafi verið ánægjuleg í alla staði og hann hafi verið heppinn með vinnuveitendur og samstarfsfólk á þeim árum sem liðin eru síðan hann kom til landsins. Svo er ég giftur íslenskri konu og við höfum eignast fallett heimili og erum mjög hamingjusöm, segir hann.

Mig hefur alltaf langað til að eignast veitingastað og í vetur ákvað ég að láta drauminn rætast. Ég leigði húsnæði á

Frakkastíg 12 og núna er unnið á fullu við að innrétta staðinn sem hlaut nafnið Indian Mangó og við stefnum að því að hann verði opnaður 28. júní.

Gert er ráð fyrir sætum fyrir 60 manns og við ætlum að bjóða uppá fjölbreyttan matseðill. Eins og nafnið á staðnum gefur til kynna verður aðal uppistaðan á honum indverskur matur. En við munum líka bjóða uppá fjölbreytta íslenska fiskrétti og kjötrétti og ýmislegt fleira spennandi. Ég hef fengið góðan vin minn frá Indlandi, sem hefur fengið gullverðlaun á alþjóðlegum keppnum í matreiðslu, til þess að aðstoða mig í eldhúsinu og núna bíð ég bara eftir því að veitingastaðurinn verði opnaður, sagði George að lokum.

Knorr



Bragðgóðir skyndiréttir í ferðalagið

Knorr kemur með góða bragðið

Skemmtilegt

Skólafólk í sumarvinnu

Nemendum í framhaldsskólum gekk vel að fá vinnu í sumar og heimsótti blaðið nokkra vinnustaði og spjallaði við starfsfólk í sumarvinnu.



Íris Björg Jóhannsdóttir

Eins gott að vera dugleg að vinna í sumar

Íris Björg tók stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands í vor og mætti til vinnu daginn eftir að síðasta prófinu lauk. Íris segir að tveggja vikna útskrift-

arferð til Mallorca sé framundan og hún hlakkar rosalega til. Ég er búin að vinna hjá Borgargörðum í fjögur sumur og er flokkstjóri núna. Ég stjórna vinnuflokki sem sér um ýmis garðyrkjustörf í Fjölskyldugarðinum og ég hef sóst sérstaklega eftir því að vinna úti á sumrin eftir að hafa verið innilokuð í skóla allan veturinn. Veðrið í fyrrasumar var mjög gott og ég vona að það verði líka gott í sumar. En það koma líka rigningardagar og mér finnst þeir eru ekki skemmtilegir.

Íris segir ennfreður að launin séu góð og eigi eftir að nýtast vel í útskriftarferðinni.

Svo er ég að fara til Danmerkur og ætla að stunda nám í Íþróttalýðháskóla í vetur, þannig að það er eins gott að vera dugleg að vinna í sumar.

Íris segir ennfreður að launin séu góð og eigi eftir að nýtast vel í útskriftarferðinni



Frábært að geta verið úti

- segir Helgi G. Gunnarsson

Helgi tók stúdentspróf í Menntaskólunum við Hamrahlíð í vor og segir að sér hafi gengið mjög vel í flestum greinum. Ég fer ekki í útskriftarferð en við

förum nokkrir félagar á tónleikahátíð í Hamborg í sumar. Þar verða fræg bönd að spila eins og Oasis, New Order og Beck.

Þetta er fjórða sumarið sem ég vinn hjá Borgargörðum og það er alveg frábært að geta verið úti þegar að skólanum lýkur. Ég vinn mest á sláttutæki. Svo er ég á traktor og dreifi áburði og vinn ýmis önnur störf sem til falla.

Sláttuvélarnar hafa ekki breyst mikið á síðustu árum. En núna er ég að vinna á nýrri vél sem er mun öflugri en gömlu vélarnar og er með rúðuburrku, útvarpi og fleiri nýjungum sem ég hef ekki náð tökum á ennþá.

Í haust stefni ég á að fara til Danmerkur og læra verkfræði. Ég er búinn að fá inni í skóla. En núna bíð ég eftir svari frá stúdentagarði vegna umsóknar um húsnaði. Ef það gengur ekki, fer ég í verkfræði í Háskóla Íslands, sagði Helgi að lokum og brosti.



Berglind M. Valdimarsdóttir

Mikið fyrir fjölbreytni í lífinu

Berglind stundar nám í Þjóðfræði við Háskóla Íslands. Hún segir að námið hafi aðallega snúið um að kynna sér þjóðsögur og þjóðhætti á Íslandi í gamla daga. Ég vann ekki með náminu í vetur en þegar skólanum lauk í vor fékk ég vinnu á Amokka kaffihúsi í Borgartúni. Ég tek við pöntunum og sé um að uppfylla óskir viðskiptavina sem koma hingað. Kaffe latte og cappuccino eru alltaf vinsæl og eins bjóðum við uppá kaffi latte með súkkulaðipinna út í sem ber nafn staðarins.

Vinnutíminn er breytilegur. Ég vinn

yfirleitt 6 til 8 tíma á virkum dögum og um helgar og á svo frí þess á milli.

Í sumar fer ég til Hollands og tek þátt í brúðkaupi frænku minnar sem býr þar. Það verður örugglega rosalega skemmtilegt. Ég er mikið fyrir fjölbreytni í lífinu og hef oft skipt um störf. Í fyrrasumar fékk ég vinnu í Kjarnaskógi á Akureyri og það var yndislegt, bæði hvað varðaði vinnuna og veðrið. Ef svipaður skógur væri hér þá væri ég örugglega að vinna þar núna, sagði Berglind að lokum.



Karen Bragadóttir

Í fyrsta sinn í byggingavinnu

Karen er í Borgarholtsskóla og stefnir að því að útskrifast af félagsfræðibraut fyrir áramót. Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer í byggingarvinnu segir hún þegar heimildarmaður blaðsins hitti hana við Vesturlandsveg, þar sem verið er að byggja brú yfir Úlfarsá. Ég hef áður unnið á skrifstofu, í veitingahúsi og í frystihúsi en þessi vinna er mjög ólík því sem ég hef áður kynnst.

Ég mæti í vinnuna klukkan 07.30 og hætti klukkan 18.00. Svo á eftir að koma í ljós hvort ég þurfi að vinna á laugardögum. Ég veit ekkert um launin fyrr en kemur að fyrsta útborgunardegi.

Karen segir að vinnufélagarnir séu mjög kurteisir og skemmtilegir



Karen segir að vinnufélagarnir séu mjög kurteisir og skemmtilegir og komi fram við hana eins og jafningja.

Eftir að ég útskrifast um áramótin ætla ég að vinna fram á næsta haust og stefni svo á að fara í skóla erlendis eða bara að vinna.



Safnar peningum fyrir veturinn

- segir Bjarki Þórðarson

Bjarki, stundar nám á Náttúrufræðibraut í Borgarholtsskóla en hann fékk líka vinnu í sumar við smíði brúarinnar yfir Úlfarsá við Vesturlandsveg. Hann segir að sér hafi ekki gengið of vel í skólanum.

Þetta er í fyrsta skipti sem ég er í byggingarvinnu og mér líkar mjög vel við starfið og vinnufélagana. Ég hef ekki spáð mikið í launin en ég vona að þau verði góð því að ég er að safna peningum fyrir veturinn.

Fróðleiksmolar

Ertu að fá „jafnaðarlaun“ fyrir kvöldvinnu?

Hverju er verið að jafna saman ef eingöngu er unnið á kvöldin og um helgar?

Eru iðgjöld í skilum?

Hefur þú hringt eða farið í lífeyris-sjóðinn þinn til að athuga það?



Gaman í Húsafelli

Margt skemmtilegt fyrir börnin

Fjölskyldan leggur af stað í göngutúr.

Orlofstímabilið hófst fyrir fáum vikum og félagsmenn Eflingar hafa verið duglegir að leigja sumarhús eins og undanfarin ár. Fréttablað Eflingar brá sér í Húsafell á dögnum og bankaði uppá hjá Ólöfu Karlsdóttur í húsi númer 17 í Stórarjóðri. Hún var

ein heima með börnin og fjölskyldan var að undirbúa kvöldmatinn. Ólöf sagði að bóndinn hefði þurft að skreppa í bæinn að vinna en vonandi kæmi hann nógu snemma heim til þess að grilla. Þetta er í annað sinn sem við fáum úthlutað í Húsafelli og

erum afskaplega ánægð að geta fengið viku af sumarfríinu okka aftur á þessum yndislega stað. Það er svo mikið um að vera hérna og umhverfið og veðrið er svo dásamlegt, segir Ólöf.

Sundlaugin og verslun eru stutt frá húsinu og svo höfum við aðgang að golfvelli.

Ólöf sagði ennfremur, að ekki mætti gleyma nálægðinni við Langjökul sem blasir við þegar keyrt er í áttina að Húsafelli. Við tókum vélsleða með okkur og fórum með krakkana uppá jökulinn. En veðrið var það slæmt að við snérum við og ákváðum að reyna aftur seinna í vikunni.

Á morgun ætlum við að fara í Surtselli. Um helgina var veðrið alveg yndislegt, brakandi sól og hiti og við notuðum tímann til þess að fara í sólbað og vera í heita pottinum. Svo eru mjög skemmtilegar gönguleiðir á svæðinu sem við höfum notfært okkur. Það er líka boðið uppá margt skemmtilegt fyrir börnin. Þau leika sér í tækjum á leikvelli og trambolínið við sundlaugin er mjög vinsælt hjá bæði börnum og fullorðnum. Þegar við förum heim ætlum við að skoða Barnafossa og næsta umhverfi.

Okkur hefur liðið mjög vel í þessu húsi og pallurinn er þægilega stór og frábært að hafa heitan pott.

Það eina sem ég sakna er bakarofn. Ég er svo gamaldags að ég vil hafa aðstöðu til þess bakað eitthvað gott handa fjölskyldunni þegar við erum í sumarfríi, sagði Ólöf að lokum.



Aron Freyr Ólafsson, 12 ára og bróðir hans Viktor Ingi 10 ára sátu við eldhúsbörð og voru að útbúa pinnamat. Þeir fannst skemmtilegast að fara á Trambolínið og veiða golfkúlur í lítilli tjörn sem væri á níundu braut á Golfvelliinum.



Það er alltaf freistandi að klifra uppá handrið á pallinum.



Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

„Maður verður að eiga eitthvað inni ef leikurinn fer í framlengingu. Þess vegna eyði ég í sparnað.“





Nemendur brugðu sér út í góða veðrið og sátu fyrir á mynd, ásamt Hólmi Friði E. Guðmundsdóttur, leiðbeinanda og Huldu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Mímis-símenntunar

Námskeið sem breytir lífinu

Náðu tökum á lesblindu

Þann 9. júní síðastliðinn voru þrettán nemendur útskrifaðir af námskeiði um lesblindu og var þetta í þriðja sinn sem slíkt námskeið var haldið með þátttöku Eflingar. Það bar yfirskriftina „Aftur til náms“ og

er byggt á svokallaðri Davids aðferð. Í ávarpi sem Hólmi Friði E. Guðmundsdóttir, leiðbeinandi flutti kom m.a. fram að hópurinn hefði verið samstilltur og kjarkmikill og nemendur hefðu sýnt mikið hugrekki

þegar þau tókust á við óttann sem fylgir lesblindu og hún vonaðist til þess að námskeiðið styrkti þau í átt að settu markmið í framtíðinni.

Vignir Steindórsson

Stefnir á frekara nám



Vignir Steindórsson

Vignir Steindórsson, er félagi í Eflingu og tók þátt í námskeiðinu. Hann segir að í sínu tilfelli hefðu lestrarörðuleikar fyrst komið í ljós þegar hann var átta ára. En fram að þeim tíma hefði honum gengið ágætlega að lesa barnabækur. Fljótlega eftir að lesblindan uppgötvaðist var hann settur í sérkennslu með öðrum krökkum sem áttu við svip að vandamál að stríða. En það hafði ekki góð áhrif á mig og ég missti allan áhuga á náminu og byrjaði að vera með allskonar mótþróa í tímum við kennarana. Hann kom m.a. fram í því að alltaf þegar ég var kallaður upp að töflu til þess að lesa það ég um leyfi til þess að fara á klósettið. Ef að það dugði ekki fann ég upp á einhverju öðru uppátæki og oft varð afleiðingin sú að ég var rekinn úr tímum. Stundum varð ég líka fyrir einelti og þá passaði maður sig að vera sjálfur nógu grimmur til þess að vera látinn í friði.

Skólagangan reyndist mér mjög erfið en kennarinn minn hafði skilning á erfiðleikum mínum og reyndist mér mjög vel. En skólinn hafði ekki aðgang að fjármagni til þess að sinna nemendum með lesblindu og í rauninni vissi enginn þá fyrir tuttugu árum hvernig ætti að takast á við vandamál sem fylgdu börnum með lestrarörðugleika.

Það er ekki fyrr en á allra síðustu misserum að okkur stendur til boða að sækja námskeið sem er sérsérhannað fyrir lesblindra.

Vignir segir ennfremur að eftir að skólagöngu lauk hafi hann byrja að vinna og þegar hann skipti um vinnu lét hann vinnuveitanda alltaf vita af lesblindunni. Ef hann héldi henni leyndri henni gæti það valdið honum og vinnuveitandanum erfiðleikum.

Eftir að ég hætti í skóla og fór að vinna hefur mig oft langað til þess að setjast aftur á skólabekk og þegar ég frétti að þessu námskeiði, sá ég fram á möguleika til þess að vinna bug á lestrarörðuleikum mínum og ákvað að sækja um.

Í fyrstu tímunum átti ég í erfiðleikum með að tjá mig. En eftir því sem lengra leið á námskeiðið hefur sjálfsöryggið aukist og núna geri ég mér grein fyrir því að ef ég er tilbúinn að leggja nógu mikið á mig, hef ég góða möguleika að læra pípulagnir. Þá gæti ég nýtt bæði reynslu og þekkingu sem ég hef fengið í störfum í faginu á undanförunum árum, sagði Vignir að lokum.

Þorsteinn Gíslason

Eins og gullverðlaun

Þorsteinn Gíslason sem var nemandi á námskeiðinu sagði m.a. að það væri samdóma álit nemenda að námskeiðið hefði veitt þeim einstakt tækifæri til þess að ná tökum á lestrarvanda sem lengi hefði verið þagað yfir og sigurinn sem nemendur hefðu unnið á lestrarörðugleikum sínum á undanförunum vikum

væri þeim jafnmikils virði og gullverðlaun í Ólympíuleikum.

Þegar hann lauk máli sínu afhentu nemendur Huldu Ólafsdóttur, framkvæmdarstjóra Mímis-Símennun forlata grip að gjöf sem þakklætisvott fyrir samstarfið.



Viðhorfskönnun Flóabandalagsins

Ungir karlar hafa minnstan tíma til að sinna einkalífi

Það er afgerandi munur eftir kyni og aldri þegar félagsmenn voru spurðir hvort vinna og einkalíf stangaðist á.

Þegar yfir 40% karla á aldrinum 25 – 34 ára töldu svo vera svörðuðu því einungis 22% kvenna á sama aldri.

Í þessu samhengi er vert að benda á að á meðan vinnutími er almennt að styttest, þá hefur vinnutími verkafólks staðið í stað. Ennþá er það þannig að konur taka almennt meiri þátt í barnauppeldi en karlar, en það er vissulega margt sem bendir til þess að ungir karlar eru farnir að horfa til þess að geta varið meiri frítíma með fjölskyldu sinni.



Gamall draumur að rætast

Fer í framhaldsnám í haust

- segir Sindri Höskuldsson

Það vildi svo skemmtilega til að þegar Sindri Höskuldsson útskrifaðist í vor úr jarðlagnatækninámi á vegum Eflingar, var Menntamálaráðuneytið að staðfesta fimm námsleiðir Mímis-símenntunar til eininga í framhalds-skólanámi. Hann ákvað þegar í stað að sækja um inngöngu í Grunndeild Rafiðna í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Ég ákvað að láta gamlan draum rætast, segir Sindri, sem alltaf hefur haft brennandi áhuga á öllu sem tengist rafmagni.

Það var frábær árangur að fá þetta nám metið. Nú gat Sindri notað þær 24 einingar sem hann fékk fyrir þátttöku sína á námskeiðinu inn í nám sitt í Grunndeild rafiðna. Sindri segir að áhugi hans á öllu sem tengist rafmagni hafi ráðið vali sínu á þessari námsgrein. Ég hóf störf hjá Orkuveitu Reykjavíkur í september 2001 og vann í kalda vatn-

inu en flutti mig svo yfir í Jarðlínudeildina fyrir ári. Starf mitt felst aðallega í því að leggja jarðstrengi og grafa upp strengi sem eru bilaðir svo hægt sé að gera við þá.

Ástæðan fyrir því að ég fór á námskeið fyrir jarðlagnatækna er að núna er þess krafist hjá Orkuveitunni að allir starfsmenn sem vinna við jarðlagnir fari í gegnum þetta nám. Ég var svolítið efnis fyrst en núna er ég feginn að hafa átt þess kost að sækja þetta námskeið. Það hefur opnað augu mín fyrir fleiri tæki-

færum til þess að mennta mig og auka þannig atvinnuöguleika mína og betri afkomu í framtíðinni. Það skipti líka máli að fyrirtækið og stéttarfélagið greiddu allan kostnað af náminu.

Sindri segir að það hafi komið sér á óvart hvað námsefnið var fjölbreytt og skemmtilegt. Námskeiðið tók samtals átta vikur og við lærðum ensku, dönsku, íslensku, lífsleikni, stærðfræði, efnisfræði, rafmagnsfræði, öryggis- og félagsmál, grunnteikningu og íþróttir. Það eina sem mér fannst vanta var meiri verkleg kennsla en kennararnir voru frábærir.

Sindri segir ennfremur að fljótlega eftir að námskeiðinu lauk hafi launin hans hækkað um nokkra launaflokka og það hafi komið sér vel.

Núna er ég á leiðinni að hitta námsráðgjafa í FB til að fá allar upplýsingar um námið. Það eina sem ég veit með vissu er að ég held áfram að vinna hjá Orkuveitunni og fer í kvöldskóla næsta vetur. Svo ætla ég gifta mig á afmælisdaginn minn í sumar, þannig að þetta verður viðburðarrikt ár hjá mér, sagði Sindri að lokum.

Námið opnaði augu mín fyrir nýjum tækifærum



Eldhús og mötuneyti

Ný og spennandi námsleið



Ánægður útskriftarhópur í Kópavogi

Það var glæsilegur hópur fólks sem útskrifaðist af fyrsta námskeiði fyrir starfsmenn í eldhúsum og mötuneytum sem haldið er í samvinnu Eflingar við Sæmund fróða og Hótel og matvæla-skólann í Kópavogi. Eftir endurskipulagningu námskeiða fyrir starfsmenn eldhúsa og mötuneyta hefur nú opnast nýr möguleiki til að sækja sér viður-

kennda menntun sem mun nýtast starfsmönnum ef þeir vilja halda áfram námi t.d. í matartæknanámi og fleiri matvælabrautum.

Þetta nám er skipulagt í námskeiðs-formi og eru kenndir 60 tímar í fyrstu lotu síðan aftur 60 tímar í annari lotu og síðan styttri námskeið þar sem fólk getur bætt við sig miðað við hverskonar

eldhús eða mötuneyti viðkomandi starfar í. Þetta er nám sem er metið til eininga á framhaldskólastigi.

Fyrsta námskeiðið lofar mjög góðu og var hópurinn mjög ánægður með kennslu og allan aðbúnað í skólanum.

Framhald og nýr áfangi verða kynnt í haustblaði Eflingar-stéttarfélags.

Hæfir og skemmtilegir kennarar

- segir Guðbjörg Jórunn Sigurjónsdóttir



Guðbjörg J. Sigurjónsdóttir og Margrét Sigurðardóttir, matráðar í eldhúsinu á Kvistaborg. Þær tóku báðar þátt í námskeiðinu og þær hafa ákveðið að sækja framhaldsnámskeið í haust.

Guðbjörg Jórunn Sigurjónsdóttir, er aðstoðarkona í eldhúsi á Leikskól-anum Kvistaborg. Hún var ánægð með námskeiðið og segir að þeim tíma sem það stóð yfir hafi verið vel varið. Ég hef ekki komist á námskeið áður af ýmsum ástæðum og þess vegna var þetta ný reynsla fyrir mig.

Guðbjörg segir að umfjöllun um næringarfræði hafi verið stór hluti af náminu. En við lærðum líka ýmislegt fleira sem á eftir að gagnast mér í þessu starfi. Margir þátttakendur höfðu ekki setið á skólabekk lengi og það ríkti mikil spennu í hópnum, þegar í ljós kom að við áttum að taka próf í næringarfræðinni. En allt fór vel og við stóðum okkur ágætlega. Kennararnir vorum mjög hæfir og skemmtilegir og hvöttu okkur áfram af miklum dugnaði, sagði Guðbjörg að lokum.

Gott að kynnst konum í sömu starfsgrein

- segir Kristín Magnúsdóttir



Guðrún Arnþórsdóttir og Kristín Magnúsdóttir skammta á diska fyrir nemendur

Kristín Magnúsdóttir, matráður í Snælandsskóla í Kópavogi, segir að áhugi sinn á námi í matvælatækni, hafi átt mestan þátt í að hún fór á námskeiðið. Það mættu alls þrjátíu konur í upphafi en þegar því lauk hafði þeim fækkað í tuttugu og sex. Námskeiðið stóð yfir í 12 vikur og kennt var tvo daga í viku frá klukkan 15.00 til 18.45.

Námsefnið var fjölbreytt og snerist m.a. um næringarfræði, hreinlætisfræði, samskiptatækni og tölvur. Þá var einum degi varið til kennslu í matreiðslu og við lærðum heilmikið þó að tíminn væri naumt skammtaður.

Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa átt þess kost að fara á þetta námskeið og fá tækifæri til að kynnst konum sem vinna í sömu starfsgrein.

Ég gerði mér líka fljótlega grein fyrir því að námið ætti eftir að gagnast mér vel í mötuneytinu og er staðráðin í að fara á framhaldsnámskeið sem verður haldið í haust, sagði Kristín að lokum.



Byggðasafnið Skógum

Tilboð til félagsmanna Eflingar

Byggðasafnið á Skógum hefur gert félagsmönnum Eflingar skemmtilegt tilboð í sumar. Safnið býður félagsmönnum afslátt af aðgangsmiðum að safn-

inu sem kostar á fullu verði 700 kr. Félagsmenn Eflingar borga 500 kr. í stað 700 kr. gegn framvisun félagsskirteina.



Gamla höfuðborgin slær í gegn

Kaupmannahöfn í allan vetur !!!

Vegna frábærra undirtekta í sumar við íbúðinni í Kaupmannahöfn hefur verið tekin ákvörðun um að bjóða hana félagsmönnum áfram til leigu í vetur. Íbúðin er fullbókuð í allt sumar og fram á haust – slíkar eru undirtektirnar.

Benda má á að í orlofsblaðinu sem kom út í janúar er ýtarleg lýsing á íbúðinni og heilmikill fróðleikur um nánasta umhverfi og möguleika sem bjóðast í Kaupmannahöfn.

Í vetur verður hægt að bóka ýmist helgarleigu og þá er hægt að bæta við aukadegi eða leigja hana í heila viku.

Gert hefur verið samkomulag við leigusala um að leigja hana fyrst í stað þrjá mánuði fram í tímann. Byrjað er að

taka við bókunum mánudaginn 27. júní nk. og er það fyrir tímabilið september, október, nóvember og desember.

Leigugjald:

Helgarleiga

Föstud. – mánud. eða fimmtud. – sunnud. 20.000,-

Aukadagur við helgi 5.000,-

Vikuleiga 35.000,-

Leiga í miðri viku (lágmark 3 dagar) 15.000,-



4,15% Íbúðalán SPRON öllum opin

Við afnemunum skilyrði um önnur bankaviðskipti

Viltu endurfjármagna?

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

Ertu að kaupa íbúð?

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Peir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert



Starfsmenntun - námsráðgjöf

Á fimmta hundrað Eflingarfélagi í ráðgjöf á liðnum vetri

- oft fyrsta skrefið að frekara námi

Nýlega var kynnt samantekt á verkefninu námsráðgjöf á vinnustaði sem Efling - stéttarfélag og Starfsafl stóðu að s.l. vetur í samstarfi við Mími - símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Verkefnið var sett af stað eftir góða reynslu af alþjóðlegu Leonardó tilraunaverkefni Eflingar og Starfsafls en í verkefninu var í fyrsta sinn gerð tilraun til að flytja námsráðgjöf skipulega út á vinnustaði.

Í þessu verkefni fóru tveir námsráðgjafar út á um 20 vinnustaði og héldu kynningarfundum um námsráðgjöf og buðu síðan Eflingarfélögum að koma í

einstaklingsviðtöl. Í einstaklingsviðtölum voru möguleikar og leiðir fyrir hvern og einn skoðaðir ásamt því sem gerð var grein fyrir styrkjum fræðslusjóða.

Kostur þessa verkefnis er að með því

að fara út á vinnustaðina - t.d. á kaffistofur vinnustaðanna, líður fólki betur að tala um sín mál auk þess sem það gefur sér ekki tíma til að sækja sér formlega ráðgjöf úti í bæ.

Í skýrslunni kemur fram að vel á fimmta hundruð félagsmenn hafi fengið upplýsingar í þessari ráðgjöf og á annað hundrað félagsmenn hafi komið í einstaklingsráðgjöf til viðbótar. Mjög margir slógu síðan til og fóru í nám, bæði tungumála- og tölvunám ásamt því sem sumir fóru í lengra nám í framhaldsskólum eða hjá öðrum fræðsluáðilum.

Efling mun halda áfram með þessa námsráðgjöf á vinnustað næsta vetur og reyna að fara í öll fyrirtæki sem sýna þessu áhuga, stór og smá.

Þeir sem vilja kynna sér þetta áhuga-verða efni eða fá slíka heimsókn á sinn vinnustað geta haft samband við Garðar Vilhjálmsson fræðslustjóra Eflingar á skrifstofu Eflingar eða á gardar@efling.is.

Efling mun halda áfram með þessa námsráðgjöf á vinnustað næsta vetur



Nám fyrir leiðbeinendur á leikskólum



Námið sem er kynnt í þessum bæklingi er sérstaklega sniðið fyrir þá sem eru starfandi á leikskólum og hafa a.m.k þriggja ára starfsreynslu.



Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina í samvinnu við Eflingu— stéttarfélag.

Menntamál

Ný leið fyrir starfsmenn leikskóla

45 ára og eldri geta sótt um

Nú í vetur var í samvinnu Eflingar, Leikskóla Reykjavíkur og Mími símenntun samið um framlag úr starfsmenntasjóði Félagsmálaráðuneytisins til að bjóða upp á frekara nám fyrir þá starfsmenn leikskóla sem hafa starfað þar lengst. Leitað var eftir samstarfi við Leikskóla Reykjavíkur um að gefa elsta starfsmannahópnum nýtt tækifæri til náms, hina svokölluðu brú að nýrri námsbraut fyrir Leiðbeinendur í leikskólum.

Starfsmenntasjóður styrkti verkefnið um 1.500.000. Það verða um þrjátíu starfsmenn sem komast að í þessari fyrstu lotu. Efling-stéttarfélag leggur mikla áherslu á að boðið verði upp á þetta nám árlega áfram. Námið er stundað með vinnu einu sinni í viku og eina helgi á önn. Að því loknu mun það gefa ný réttindi og ný starfsheiti inn á Leikskólum í Reykjavík. Námið er einnig kennt í Borgarholtsskóla.

Matsveinanám

Innritun
Nú stendur yfir innritun í tveggja anna matsveinanám.

Nám og kennsla
Um er að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í litlum mótuneytum. Kennsla fer fram á kvöldin.

Umsóknir
Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á skrifstofu Menntaskólans í Kópavogi.

HER & NU / SÍA



HÓTEL- OG MATVÆLASCHÓLINN
HOSPITALITY AND CULINARY SCHOOL OF ICELAND

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, www.mk.is

Starfsréttindanam matartækna

Námsmöguleiki - Fullorðinsfræðsla

Nám og kennsla
Námið dreifist á þrjár annir auk starfsnáms á viðurkenndum verknámsstað. Kennslan fer fram fjóra daga í viku síðdegis. Kennt verður samkvæmt nýrri námskrá. Kennsla hefst í lok ágúst 2005.

Innritun og inntökuskilyrði
Rétt til náms hafa þeir sem eru orðnir 25 ára og eldri og hafa að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu á matvælasviði.

Umsóknir
Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást hjá áfangastjóra í síma 594 4000 eða á netfangi bs@mk.is. Með umsókn þarf að skila starfslýsingu, vottorði um vinnutíma og meðmælum.

Námið er styrkhæft úr starfsmannasjóðum stéttarféлага.

HER & NU / SÍA



HÓTEL- OG MATVÆLASCHÓLINN
HOSPITALITY AND CULINARY SCHOOL OF ICELAND

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, www.mk.is



Verkefnisstjórar stilltu sér upp fyrir utan skrifstofu Eflingar í norðangarranum. Standandi frá vinstri; Paívi Nilsson Svíþjóð, Peter Plant Danmörku, Fjóla María sem kennir íslenska trúnaðarmannahópnum, Filip Zeman Tékklandi, Garðar Vilhjálmsson Eflingu, Javier Lopez Mora Spáni og Pamela Clayton Skotlandi. Sitjandi frá vinstri Marjo Kolkka Finnlandi, Jacqui Spence Lúxemborg, Sanna Lena Finnlandi, Silvana Greco Ítalíu og Hildegunn Wiggen frá Noregi.

Starfsmenntun - námsráðgjöf

Alþjóðlegur fundur um námsráðgjöf hjá Eflingu

- Trúnaðarmenn læra um námsráðgjöf

Nýlega var haldinn hjá Eflingu fundur verkefnisstjóra í Leonardó tilrauna-verkefni um þjálfun trúnaðarmanna til ráðgjafastarfa á sínum vinnustað, en Efling og Starfsafl sjá um rekstur þessa verkefnis. Hér er um að ræða verkefni í tíu Evrópulöndum þar sem trúnaðarmönnum á vinnustöðum er leiðbeint um grundvallaratriði í námsráðgjöf í fjarnámi með það að markmiði að miðla þekkingu á starfsmenntun til samstarfsmanna.

Meðfylgjandi myndir eru frá fundinum þar sem verkefnisstjórar báru saman bækur sínar í tvo daga.

Alls taka tíu trúnaðarmenn frá Eflingu þátt í náminu hér heima og munu þeir útskrifast nú í sumar. Efling mun standa að sambærilegu námi næsta haust og eru áhugasamir trúnaðarmenn beðnir um að hafa samband við Garðar Vilhjálmsson hjá Eflingu.



Farið yfir gang verkefnisins í öllum löndum sem þátt taka í verkefninu - á myndinni eru verkefnisstjórar frá tíu Evrópulöndum ásamt Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur prófessor við Háskóla Íslands sem tók að sér að meta verkefnið.

Endurnærandi



Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, tígulegur foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta.





Verðlaun fyrir besta verkið í Leonardó samkeppni um myndverk eða hlut sem byggir á hönnun eða verki Leonardo da Vinci voru afhent í lok hátíðardagskrárinnar. Verðlaunin hlutu Katryn Ty Henecke og Viviane Guéra, nemendur í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra fyrir verkið Herra Kiddi.

Nám og leikur

Leonardó þátttaka er ævintýri

- Eflingarfélagar ferðast og fræðast í Evrópu

Nýlega var haldið upp á 10 ára afmæli Leonardó starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins og af því tilefni var boðið til afmælishófs í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem farið var yfir

reynslu og framtíðin skoðuð. Nemendur fengu viðurkenningar og fjölmiðlanemar úr Borgarholtsskóla tóku athöfnina upp og sendu út á veraldarvefnum.

Peir sem taka á móti starfsmönnum erlendis hafa einnig verið mjög jákvæðir og hafa skapast tengsl hjá sumum

Fulltrúa Eflingar var boðið að koma og segja frá vinnu innan áætlunarinnar en Efling-stéttarfélag hefur á undanförunum árum sótt um og fengið styrki fyrir um 60 félagsmenn í mannaskiptaverkefni á vegum Leonardó áætlunarinnar.

Í ávarpi Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur 1. varaformanns Eflingar-stéttarfélags kom fram að mikil ánægja er með þessi verkefni bæði hjá félagsmönnum sem heimsækja sambærileg fyrirtæki erlendis og hjá atvinnurekendum sem segja þátttökuna mjög jákvæða fyrir starfsandann.

Margir félagsmenn sem hafa fengið þátttökutilboð hafa orðið mjög undrandi og um leið ánægðir með þetta tækifæri og komið til baka með dýrmæta reynslu sem bæði nýtist þeim og vinnuumhverfi þeirra.

Peir sem taka á móti starfsmönnum erlendis hafa einnig verið mjög jákvæðir og hafa skapast tengsl hjá sumum fyrirtækjum þar sem þau senda fólk til Íslands í sambærilega mannaskipaverkefni.

Við hvetjum aðila til að láta vita af óskum um að vera með í næsta umsóknarferli sem verður í haust.

Reykjavíkurborg

Lok samningstíma nálgast

Góður tónn fyrir næstu samninga

Nú líður að lokum samningstíma samnings Eflingar-stéttarfélags við Reykjavíkurborg sem var gerður árið 2001 og rennur út 30. nóvember næstkomandi. Breytingar sem gerðar hafa verið á samningnum á tíma friðarskyldu, nú síðast í nýliðnum maímánuði gefa vísbendingar um góðan tón um framhaldið í haust.

Það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á réttindum starfsmanna á samningnum á samningstímanum. Í desember 2004 var gerð breyting á greiðslu móttframlags Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóð sem fór úr 6% af heildarlaunum



í 9%, en framlag starfsmanns var óbreytt. Í enda maí 2005 var kaflí tíu um atvinnuslysstryggingar felldur brott og algjörlega nýr kaflí settur í staðinn, sem tekur gildi 1. júlí nk. Þar eru starfsmenn slysstryggðir allan sólarhringinn vegna andláts og vegna varanlegrar örorku, tryggingarupphæðirnar hækka verulega,

en eru mismunandi eftir því hvort slysið átti sér stað á vinnutíma eða ekki en áður voru þeir einungis tryggðir vegna slyss í starfi og er þetta veruleg bót á tryggingum starfsmanna hjá Reykjavíkurborg. Einnig fór framlag borgarinnar í Fjölskyldu- og styrktarsjóð úr 0,3% í 0,41%.




Síðustu sætin í sólina til Calpe á Spáni

Nánari upplýsingar á skrifstofu Eflingar í síma 510 7500




Vertu til..... Ævintýraheimur Sæferða



Hjá Sæferðum er boðið upp á úrval ferða til Stykkishólmi og

UPPLIFÐU ÆVINTÝRAHEIM
BREIÐAFJARÐAR

- Náttúru- og fuglaskoðun
- Veisluferðir
- Ferjan Baldur og Flatey
- Sjóstöng og sérferðir
- Stórhvalaskoðun frá Ólafsvík
- Siglingar frá Arnarstapa
- Dorgveiði
- Golf
- Hjólaleiga
- Jöklaferðir
- Hestaleiga
- ..og ýmislegt fleira.



Sæferðir - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnesi
Sími 438-1450 - saferdir@saferdir.is - www.seatours.is





Efling á reit í Heiðmörk

Hlúum að gróðrinum

Börnin sérstaklega velkomin

Það eru ef til vill fáir félagsmenn Eflingar sem vita að félagið á fallegan gróðurreit í Heiðmörk skammt utan við Reykjavík. Það skal rifjað upp hér sérstaklega fyrir unga félagsmenn og aðra þá sem kunna að vera með græna fingur. Á undanförunum árum hefur nokkur hópur félagsmanna, reyndar ekki mjög stór en áhugasamur, farið og gróðursett, grisjað og gert annað það sem tilheyrir gróðursetningu á reitnum.

Síðast var farið til gróðursetningar

árið 2002 og er því kominn tími til að huga að þessum unaðsreit félagsins í Heiðmörk. Vorið í vor og sumarið hefur ekki verið mjög ákjósanlegt til gróðursetningar vegna þurrka. Jörðin hefur verið of þurr og ekki tók á því að vökva

en það er fleira sem þarf að gera en að gróðursetja. Það þarf að hlúa að gróðrinum.

Ákveðið hefur verið að fara í vinnuferð í reitinn mánudaginn 20. júní n.k. Safnast verður saman á hlaðinu á Elliðavatni kl. 18.30 og farið þaðan saman í reitinn. Ætlunin er að rífa gras frá plöntum, bera á, grisja og gera það sem áhugasamir ræktendur sjá að gera þurfi.

Allir eru að sjálfsögðu velkomnir og alveg sérstaklega hvetjum við félagsmenn til að koma með börnin með sér. Þau hafa haft mjög gaman að gróðursetningunni í Eflingarreitnum. Boðið verður upp á gos og eitthvað góðgæti með.

Við skulum fjölmenna og skila fallegum og gróðursælum Eflingarreit til framtíðarinnar.

Taktu 20. júní frá
fyrir Heiðmörk



KLASSINN ICEFOX 26"

Matrix Man
19" & 21" ástell



V-bremsur
21 gíra grip-shift
Framdempingar
Standari
Rautt eða blátt

kr. 26.366

SPORTARINN ICEFOX 26"

DISK-2



Fulldempað hjól
Diskabremsur
21 gíra Shimano
Grip-shift skipting
19" & 21" stelli
D-Frame
Tvöfaldar gíarör
Dekk 2,1
Silturgrátt & rautt
eða silfur

Diskabremsur
Tvöfaldar álgiarör

kr. 39.871

ROKKARINN ICEFOX 26"

ROCK-1
Discovery
Downhill



Álgrind

Diskabremsur
Tvöfaldar álgiarör

kr. 69.933

GIRL BONANZA ICEFOX 24"

Girl Bonanza
17" stelli



V-bremsur
21 gíra grip-shift
Standari
Rautt & hvítt eða
fjólublátt & silfrað

kr. 16.573

ELEGANCE WOMAN ICEFOX 26"



18 gíra
Bretti
Bögglaberi
V-bremsur
Standari

kr. 17.811

HVELLUR

...í einum grænum

Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið



FRÁBÆR NÝJUNG !!!

Komdu & prófaðu!

www.balanzbike.com

BALANZ
BIKE

BARNAHJÓL ICEFOX 12"

HJÁLPARDEKK
FYLGA!



kr. 7.906

-25%



Bubbi byggir

kr. 3.660



Baby Born

kr. 3.660



Felix

kr. 3.660

Pýskir hágeða reiðhjólahljálmar frá KED

STERK & ÖRUGG HJÓL með öllu!

STELPU 5-7 ára ICEFOX 16"

HJÁLPARDEKK
FYLGA!

Fótbremsa
Handbremsa
Hjálpardekk
Bögglaberi
Bretti
Bjalla
Standari



kr. 11.992

-15%

STRÁKA 5-7 ára ICEFOX 16"

HJÁLPARDEKK
FYLGA!

Fótbremsa
Handbremsa
Hjálpardekk
Bögglaberi
Bretti
Bjalla
Standari



kr. 11.992

-15%

STELPU 6-8 ára ICEFOX 20"

Fótbremsa
Handbremsa
Bögglaberi
Bretti
Bjalla
Standari



kr. 13.544

STRÁKA 6-8 ára ICEFOX 20"

Fótbremsa
Handbremsa
Bögglaberi
Bretti
Bjalla
Standari



kr. 14.245



Þær koma að verkefni LSH að Landakoti: Þórléif Drífa Jónsdóttir, Magnea B. Jónsdóttir, Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Þóra I. Sigurjónsdóttir og Guðmunda Kristinsdóttir

Starfsmenntun

Viðtækt samstarf Eflingar á næstunni

Samstarfsverkefni LSH, Eflingar-stéttarfélags og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fær viðurkenningu

Félagsmálaráðherra veitti á dögunum styrki úr Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins. Efling- stéttarfélag var með nokkrar umsóknir þar inni og tekur þátt í þremur stórum verkefnum og nokkrum minni í samstarfi við fyrirtæki og fræðsluaðila.

Við úhlutunina bar hæst verkefni Landspítala Háskólasjúkrahúss þar sem Efling er samstarfsaðili og fékk sérstaka viðurkenningu sem var kynnt sérstaklega. Verkefnið heitir *Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölbjóðlegum vinnustað*. Markmið þess er að hanna líkan fyrir yfirfærslu á þekkingu og

Þátttakendur í verkefningu koma frá mismunandi þjóðlöndum, með ólíkan bakgrunn og menningararf

færni starfsmanna sem búa yfir færni í ákveðnum verkþáttum til þeirra sem hafa minni færni í þeim. Þátttakendur í verkefningu koma frá mismunandi þjóðlöndum, með ólíkan bakgrunn og menningararf. Fulltrúi frá Eflingustéttarfélagi verður með í verkefnisstjórn verkefnisins.

Við sama tækifæri var tilkynnt um aðrar úthlutanir og þar fékk Efling-stéttarfélag úthlutað styrk til verkefnisins *Námsráðgjöf fyrir eldri og miðaldra fólki* og einnig til verkefnisins *Gráir Leikskólar* sem er ætlað fólki yfir 45 ára aldur á leikskólum til að koma á brúarleið inn í nýtt nám fyrir leiðbeinendur á leikskólum. Til viðbótar við þessi verkefni er Efling samstarfsaðili að verkefnum sem Mímir-símenntun fékk styrk til og verða þau kynnt betur síðar.

Nánnar verður sagt frá vinnu við þessi verkefni og öðrum nýjungum í starfsmenntamálum í haustblaði Eflingar.



Úthlutun sumarhúsa 2005

Meira en annar hver fær úthlutun

Sumarúthlutunin í ár er afstaðin og gekk mjög vel. Fjöldi umsókna í aðalúthlutun var 969 og af þeim voru 561 sem fengu úthlutað. Endurúthlutað var síðan 10. maí og var fjöldi umsókna þá 405. Í endurúthlutuninni reyndust vera alls 96 umsóknir sem fengu úrlausn. Ljóst er því að meira en helmingur þeirra sem sækja um sumarhús eða aðra fyrirgreiðslu fá úrlausn sinna mála. Verður það að teljast afar góð niðurstaða og herra hlutfall en hjá flestum öðrum félagsamtökum.

Föstudaginn 20. maí var á skrifstofu félagsins það sem gengur undir heitinu „Fyrstur kemur – fyrstur fær“. Þá er hægt að bóka sig á þær vikur sem ekki hafa farið út í hefðbundinni úthlutun og eru þar af leiðandi lausar. Fjöldi félagsmanna mætti og voru nálægt 100

manns þjónustaðir og fengu flestir eitt-hvað við sitt hæfi. Voru þeir fyrstu mættir upp úr kl. 7 um morguninn til að tryggja sér stað framarlega í röðinni, en geta má þess að talsvert var laust af sumarhúsum, tjaldvögnum og einnig utanlandsferðum. Gekk dagurinn mjög vel fyrir sig, flestir fengu eitthvað við sitt

hæfi og fóru langflestir ánægðir heim.

Þess má að lokum geta að enn er eitt-hvað laust af húsum, tjaldvögnum og sólarferðum. Eru félagar hvattir til að leita upplýsinga á skrifstofunni, kannski höfum við einmitt kostinn fyrir einmitt þig!

Sumar og Sól

Enn lausar vikur í orlofshúsum

Ennþá eru nokkrar vikur lausar í sumar í orlofshúsunum og tjaldvögunum og þá aðallega í ágúst. Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér notalega veru í orlofinu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um laus hús á vefsíðunni www.efling.is undir liðnum orlofsmál eða hafa samband við félagið í síma 510 7500.



Frá stofnfundinum

Glæsilegur stofnfundur Faghóps félagsliða

Það var skemmtilegur en um leið dálítið hátíðlegur blær yfir stofnfundi Faghóps félagsliða innan Eflingar þegar Sigurður Bessason, formaður félagsins, setti fundinn á Grand Hótel 3. maí sl. Fundurinn innsiglaði nýjar samþykktir Faghópsins en með þessum fundi er orðinn til nýr hópur innan Eflingar, sem byggist á lagaákvæðum um starfsgreinahópa þar sem sérstök menntun og starfsreynsla liggur að baki Faghópnum. Ragnheiður Haraldsdóttir frá heilbrigðisráðuneytinu og Guðrún Halldórsdóttir frá Námsflokki Reykjavíkur fögnuðu þessu framtaki og ósk-uðu félagsliðum til hamingju með þennan áfanga.

Sigurður Bessason sagði í ávarpi til félagsliðanna, að Efling-stéttarfélag hefði fengið nýja vídd þegar grundvöllur fyrir nýju námi hafði skapast og ný starfsmenntun hefði nú fest sig í sessi og fengið góða viðurkenningu á vinnu-markaðnum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar lítur til ykkar þegar spurt er hvort hægt sé að veita fjölbreyttari heimaþjónustu og

með sama hætti sjá hjúkrunarheimilin félagsliða sem öflugan starfsmannahóp innan sinna raða til framtíðar.

Það krefst mikillar vinnu að þróa nýjar leiðir í starfsmenntun og hefur á undanförnum árum umtalsverður tími farið í að sannfæra fólk um gildi þess að slík menntun ætti rétt á sér. Það hefur nú sannast á ykkur félagsliðum að það var

Það er kominn nýr hópur inn í heilbrigðiskerfið og mönnum er vel ljóst að hann kostar meira, en er hverrar krónu virði, sagði Sigurður

rétt ákvörðun að þrýsta á að aðilar leggjast á eitt um að þessi menntun yrði til á Íslandi, sagði hann.

Hann hrósaði Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur sem alla tíð hefur haft brennandi áhuga fyrir framgang félagsliða í okkar röðum. Það er kominn nýr hópur inn í heilbrigðiskerfið og mönnum er vel ljóst að hann kostar meira, en er hverrar krónu virði, sagði Sigurður.

Faghópurinn er fagnaðarefni

Ragnheiður Haraldsdóttir frá heilbrigðisráðuneytinu bar kveðjur frá heilbrigðisráðherra. Hún fór yfir nokkrar staðreyndir í starfi fyrir aldraða og sagði m.a. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er sett fram það markmið að yfir 75% fólks 80 ára og eldra sé við það góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima. Því miður eigum við enn nokkuð í land með að ná þessu markmiði og til þess að það náist þarf samhent starf á mörgum sviðum.

Ljóst er að mikilvægasti þátturinn í heilbrigðisþjónustunni er mannaflinn. Langstærsti hluti útgjalda í heilbrigðisþjónustunni er launakostnaður og það er líka mikilvægasti þátturinn. Litlu skiptir í raun hve tækjabúnaður, húsnæði og aðstaða öll er góð, ef ekki tekst að hafa að störfum hæft starfsfólk til þess að sinna þeim sem eru hjálparþurfi. Það er okkur því sem komum að skipulagi heilbrigðisþjónustu mikið fagnaðarefni að nú skuli faghópur félagsliða vera að eflast eins og raun ber vitni.

Hún sagðist um nokkurra ára skeið hafa fylgst með umræðunni um þetta nám og þær hugmyndir sem uppi hafa verið um störf. Það hefur verið ánægulegt að fylgjast með eldmóði þeirra er hér hafa komið að verki. Hún sagðist ekki geta stillt sig um að nefna hér Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur, en hún hefur verið óþreytandi við uppbyggingu menntunarinnar sem við fögnum hér í dag.

Stéttarfélag ekki sterkara en fjöldinn sem mætir þar á fundum

Jónína Sigurðardóttir talaði fyrir hönd nemenda en Jónína situr einnig í stjórn Eflingar-stéttarfélags. Hún sagði að mikil þörf væri greinilega fyrir þetta nám því færri komust að en vildu í byrjun. Félagsliðanámið reyndist mjög skemmtilegt og fróðlegt og gaman var að sjá hve sjálfstraust nemenda jókst stig af stigi. Það var mikil breyting fyrir okkur að setjast á skólabekk aftur og fara að hugsa um t.d. félagslegt taumhald, þjóðhverfu, helmingunartíma lyfja og margt annað skemmtilegt.

Nú er hópur Eflingarfélaga útskrifað-



Ragnheiður Haraldsdóttir ávarpaði fundinn

ur sem félagsliðar og þó nokkrir eru í námi. Því hvatti Efling til stofnunar faghóps félagsliða með okkar hagsmuni að leiðarljósi til að vera í betri aðstöðu að halda utan um launakjör okkar og réttindi.

Jónína sagði að mjög mikilvægt væri að hafa í huga að stéttarfélag væri aldrei sterkara en fjöldinn sem mætir þar á fundi. Því hvetjum við ykkur til að vera

duglega að mæta á fundi, sagði Jónína að lokum.

Guðrún Halldórsdóttir, skólastjóri Námsflokka ávarpaði fundinn og sagði skemmtilegar sögur af menntamálum frá fyrri tíð. Sigrún Karlsdóttir flutti fundinum kveðjur nýja Velferðarsviðs borgarinnar og einnig var á fundinum Aðalheiður Sigurjónsdóttir frá Mími, sem sinnt hefur námi félagsliða.

Proderm



Ný reglugerð sjúkrasjóðs

Stóraukin réttindi félagsmanna

Tekjutenging sjúkrabóta

Á aðalfundi Eflingar 19. apríl s.l. var ákveðið að breyta reglugerð sjúkrasjóðs þannig að réttindi félagsmanna voru stóraukin. Mikilvægasta umbótin er fólgin í tekjutengingu sjúkrabóta en auk þess bætast nýir bótaflokkar við og upphæðir breytast og hækka. Breytingarnar tóku gildi 1. júní 2005 og eru þessar helstar:

Ein reglugerð er nú fyrir Sjúkrasjóð Eflingar í stað tveggja áður.

Reglugerð Fjölskyldu- og styrktarsjóðs sem var í gildi vegna sjóðfélaga sem starfa hjá opinberum fyrirtækum sem greiða lægra en 1% iðgjald til sjóðs-

ins, þ.e. ríki, sveitarfélög og stofnanir sem styrktar eru af almannafé, var felld niður og réttindi sjóðfélaga þess sjóðs aðlöguð að reglugerð Sjúkrasjóðs.

Tekjutenging sjúkrabóta til þeirra sem hafa samfellda sjóðfélagsaðild í 12 mánuði eða lengur er tekin upp. Þetta er sú breyting sem hefur mest áhrif á kjör sjóðfélaga frá 1. júní 2005.

Dagpeningar þeirra sem hafa skemmri sjóðfélagsaðild eða fá greitt samkvæmt heimildarákvæðum hækka líka.

Réttur til ýmissa styrkja er sá sami, hvort sem sjóðfélagi starfar á almennum markaði eða hjá opinberu fyrirtæki, en réttur til sjúkrabóta og dagpeninga er

skemmri hjá hinum síðarnefndu enda eiga þeir mun lengri veikindarétt en þeir sem starfa á almennum markaði.

Heimilt að styrkja sjóðfélaga sem fara í starfsendurhæfingu með greiðslum í allt að þrjá mánuði.

Flestar styrkjategundir sjóðsins hækka og nýjar tegundir eru teknar upp.

Sérstök áhersla er lögð á styrki til fyrirbyggjandi aðgerða og endurhæfingar svo sem vegna viðtalsmeðferða.

Stuðlað er að jafnræði meðal sjóðfélaga með því að styrkja þá sem þurfa að standa í kostnaðarsömum aðgerðum til barneigna s.s. glasa-tæknifjóvgunum og ættleiðingum.

Grunnskoðun hjá Krabbameinsfélaginu er nú greidd af fullu gegn framvísun félagsskírteinis hjá Krabbameinsfélaginu.

Á heimasíðu félagsins og í Fréttablaðinu verður fjallað nánar um breytingarnar á sjúkrasjóðnum þegar nokkur reynsla er fengin af breyttum reglum.

Spennandi dagsferð Eflingar

Kerlingafjöll í hópi....



Undanfarin ár hafa dagsferðir Eflingar verið vinsælar og fjöldi félagsmanna nýtt sér skemmtilegt ferðatilboð að hausti með félaginu. Að þessu sinni er ekki valið af verri endanum í náttúrufegurð landsins. Það eru hin margrómuðu og litafögru Kerlingafjöll sem vonandi skarta sínu fegursta fyrri hluta september þegar ferðin verður farin.

Tveir ferðadagar hafa verið ákveðnir en það eru dagarnir 3. og 10. september.

Ekið er um Suðurland og upp hjá Gullfossi að Haukadalsheiðinni og þaðan inn á Kjalveg. Þegar komið er í Kerlingafjöll er boðið upp á gönguferðir um náttúruparadís fjallanna. Einnig verður gert hlé á ferðinni til að fá sér nesti og snarl í fjöllumunum.

Fólk þarf að hafa með sér hádegis-hressingu en síðdegis hressing verður í boði Eflingar-stéttarfélags.

Gert er ráð fyrir þrem rútum hvorn laugardaginn.

Verð í þessa ferð er kr. 2.500.-

Innritun hefst hjá Eflingu-stéttarfélagi 20. júní n.k. í síma 510 7500.

ABX/SIA 9021636

veisla

Einfaldara getur það ekki verið!

Baráttudagurinn 1. maí í myndum

1. maí var haldinn með svipuðu sniði og undanfarin ár. Safnast var saman við Hallgrímskirkju og gengið á Ingólfstorg undir forystu Lúðrasveitar Verkalyðsins. Þar var flutt hefðbundin dagskrá með upplestri og ræðuhöldum. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir 1. varaformaður Eflingar var annar aðalræðumaður dagsins og vakti ræða hennar mikla athygli. Efling var með opið hús í Kiwanishúsinu við Engjateig og fjölmennu félagsmenn og þáðu veitingar. Hér birtast nokkrar svipmyndir af félagsmönnum Eflingar og fjölskyldum þeirra.



Alltaf eitthvað að hlakka til

Vetrarleigan bókast frá 15. ágúst

Rómantískt kvöld í orlofshúsi í september??? – af hverju ekki???

Byrjað verður að taka við bókunum í helgar- og vikuleigur fyrir sumarhúsin og íbúðirnar á Akureyri mánudaginn 15. ágúst. Vakin er athygli á því að í-búðin í Vestmannaeyjum er ekki í boði lengur þar sem hún hefur verið seld.

Sá skemmtilegi kostur að geta dvalið í orlofshúsum yfir helgi eða jafnvel lengur yfir vetrartímann er alltaf að verða vinsælli. Í vetur eru í boði fjöldi glæsilegra húsa fyrir félagsmenn Eflingar sem flest eru í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík.

Öll eru þau vönduð heilsárshús og vel útbúin.

Eftir að orlofshúsin voru almennt útbúin með heitum pottum hafa margir áttað sig á þessari skemmtilegu tilbreytingu yfir vetrartímann.

Af hverju ekki að láta sig hlakka til vetrarins strax og panta orlofshús og rómantískt kvöld í september?



Sumarskóli 2005 Summerschool

Íslenska fyrir útlendinga/Courses in Icelandic
stig 1 – 5 / level 1 – 5
Framhaldsnámskeið / Advanced courses
íslenska tal og ritun / spoken and written Icelandic

Staður: Miðbæjarskóli, Hagaskóli, Mjódd.
Skráning / fullorðnir: 06. – 28. júní
Skráning/ börn: til 06. júní.
Stöðupróf: 23. og 27. júní kl. 17 - 19
Skólagjald: kr. 17.000.-

Morgunkennsla fyrir fullorðna:
11. -28. júlí, kl. 9⁰⁰- 12⁰⁰ alla virka daga.
Gæsla fyrir börn þátttakenda er í boði á morgnana.

Kvöldkennsla fyrir fullorðna:
04.-28.júlí, þrjú kvöld í viku: mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.

Námskeið fyrir börn og unglinga
6 - 15 ára (1.-9. bekkur):
11. -28. júlí alla virka daga.
Námskeiðin eru ókeypis fyrir börn.
Íslenskukennsla: kl. 09⁰⁰-12⁰⁰
Tómstundastarf: fyrir 6 – 12 ára, (leikir, vettvangsferðir og fl) kl. 12⁰⁰-16⁰⁰.
Takmarkaður fjöldi barna kemst að í tómstundastarfið og munu þeir ganga fyrir sem ekki hafa tekið þátt í því áður. Þeir sem ekki komast að verða látnir vita með fyrirvara, einnig er bent á önnur tómstundanámskeið á vegum ÍTR.

Place: Miðbæjarskóli, Hagaskóli, Mjódd.
Enrollment / adults: June 06th -28th
Enrollment / children: until June 06th
Placement test: June 23rd and 27th at 17 – 19
Schoolfee: kr. 17.000.-

Morningclasses for adults:
July 11th - 28th at 9⁰⁰ - 12⁰⁰ Mondays through Fridays. Childcare is provided in the mornings.

Evening classes for adults:
July 04th-28th three evenings a week: Mondays, Tuesdays, and Thursdays at 18 - 21.

Courses for children, ages 6 to 15 (grade 1-9):
July 11th -28th Mondays through Fridays. These courses are free of charge.

Courses in Icelandic: kl. 09⁰⁰-12⁰⁰
Recreation/summercamp: for ages 6 – 12 at 12⁰⁰-16⁰⁰.

The recreation course in the afternoon is available for a limited number of children and those who have never attended this course before will have priority, others will be notified in time. Please contact ÍTR for alternative courses available at ÍTR.

Nánari upplýsingar / Further information :
Miðbæjarskóli, Fríkirkjuvegur 1, 101 Reykjavík
sími: 5512992 netfang: nfr@namsflokkar.is www.namsflokkar.is

Borgin í góðum málum

Hvert fer allt grasið?



Pegar borgin okkar er skoðuð að sumarlagi má sjá margt fólk að störfum við garðvinnu og slátt um alla borg. Fólk hefur áreiðanlega velt því fyrir sér hvað verði um allt grasið sem slegið er á höfuðborgarsvæðinu.

Við hjá Fréttablaði Eflingar-stéttarfélags höfum leitað eftir svörum við þessari spennandi spurningu. Og viti menn. Við fengum svar.

Við nánari eftirgrennsan um þetta hjá borginni komumst við að því að

mikið af grasinu fer til uppgræðslu t.d. í Bláfjöllum þar sem því er ekið á ógróna mela og í svörð sem er skaddaður eftir þungavinnuvélar sem hafa verið að koma fyrir skíðatólum og tækjum.

Allt mælir með að hafa skíðabrekkur vel grónar undir snjónum. Þannig verður mýkra undir, snjó festir fyrir og hann helst lengur.

Bláfjöllin eru hinsvegar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og eru því settar strangar hömlur við notkun hefð-

bundinna áburðarefna.

Það hefur verið myndað samstarf um að græða þetta svæði upp með garðaúr-gangi úr Reykjavík og hófst það 2003 og var byrjendabrekkan fyrsta verkefnið. Það var hópur vinnuskólanema sem vann sumarlangt að því að dreifa efninu yfir brekkurnar og sáði svo loks yfir.

Árangurinn er eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Glæsilegt – ekki satt?

Starfsmannaviðtöl á almennum markaði

Mikilvægt að nýta réttinn

Það hefur komið fram í Gallupkönnunum Flóafélaganna að fleiri karlar en konur óska að jafnaði eftir launahækkunum umfram samningsbundin laun. Í samningum Eflingar á almennum markaði er ákvæði um starfsmannaviðtöl á vinnustað og er mjög mikilvægt að launafólk í félaginu nýti sér þennan rétt. Sérstaklega þarf að brýna konur á þessu sviði miðað við það sem fram hefur komið í könnunum.

Í síðustu kjarasamningum á almennum markaði er nýtt ákvæði sem segir að

þegar atvinnurekandi skipuleggur reglubundin starfsmannaviðtöl vegna hópa starfsmanna á vinnustað, þá skuli þau einnig ná til þeirra starfsmanna sem vinna hliðstæð störf samkvæmt kjarasamningnum. Ljóst er að þetta ákvæði getur átt við fjölda félagsmanna Eflingar sem starfa á vinnustöðum þar sem atvinnurekandi skipuleggur starfsmannaviðtöl.

Eins og fram hefur komið í Gallupkönnunum eru karlar duglegri en konur að leita eftir umframhækkunum launa eftir þessari leið en á almenna markaðn-

um höfðu um 36% karla óskað eftir umframhækkunum á móti 27% kvenna. Það er því mikilvægt að hvetja konur ekki síður en karla að óska eftir launaviðtali hjá yfirmanni.

Það er enn nokkuð langt í land að konur séu jafnduglegar og karlar að biðja um launahækkun en samkvæmt síðustu Gallupkönnun fá konur heldur sjaldnar launahækkun en þeir sem fá hækkun eru almennt mjög ánægðir eða ánægðir með niðurstöðuna.

Þetta segir að á almenna markaðnum ættu launamenn í Eflingu að leita eftir launahækkunum þar sem þeir telja stöðu og aðstæður jákvæðar til slíkra umleitana.



Nokkur sæti laus í sumarferð 9.-12. júlí

Spennandi ferð á jökulinn

Ein af skemmtilegum ferðum Eflingar í sumar er ferðin um Suðurland. Áætlaðir ferðadagar eru 9-12. júlí n.k. Jöklaferðir eru að verða vinsælli ekki einungis meðal útlendinga heldur meðal mörlandans einnig. Ægífegurð Vatnajökuls verður ekki með orðum lýst og því gefst félagsmönnum Eflingar kostur á að gleðja augað og önnur skilningarvit með nýrri reynslu – ferð á jökul.

Það eru nokkur sæti laus í þessa ferð sem farin er á Höfn í Hornafirði og gist á Hótel Eddu í Nesjaskóla. Hér er um spennandi ferð að ræða þar sem auk ferðar á Vatnajökul er komið við í Skaftafelli og Jökulsárlóni.

Verð er kr. 23.000 í uppbúnum rúmum og kr. 17.000 í svefnpokaplássi

Frekari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins í síma 510 7500.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Eldri félagsmenn Eflingar sólarmegin

Brakandi blíða á Spáni



Það var mikil ánægja í vorferð eldri félagsmanna til Spánar en vel á annað hundrað félagsmenn og makar þeirra tóku þátt í ferðinni. Þegar lent var á Alicante flugvelli í lok apríl var glampandi sól og má segja að það hafi gefið forsmekkin á það sem koma skyldi. Brakandi blíða var allan tímann á meðan hópurinn dvaldi á Spáni.

Dagskráin var fjölbreytt og boðið var upp á spennandi ferðir m.a. var sveitaferð á dagskránni þar sem farið var upp í fjöllin og borðaður góður matur og vínrækt innfæddra var skoðuð. Einnig var farið í Guadalest og í bátsferð til Calpe. Daglega var boðið upp á leikfimi,



spænskukennslu, gönguferðir, mini-golf og margt fleira. Ofan á þetta allt bættist við að Gran Hotel Bali, hótelið sem gist var á, bauð upp á dans- og skemmtidagskrá öll kvöld. Allir fundu eitthvað við sitt hæfi. Hópurinn var einkar samstilltur og góður andi meðal manna.

Það voru á þriðja hundrað Íslendinga á vegum Sumarferða á Spáni á þessum tíma.

Pau Krístrún Malmquist og Elfas Jökull Sigurðsson voru meðal ferðafélaga og miðla hér myndum sínum til félagsmanna Eflingar. Eins og lesendur sjá hefur þetta verið frábærlega skemmtileg og fjölbreytt ferð.

Starfsmatið hækkar launin

Niðurstöður hjá Orkuveitunni kynntar

Gengið var frá starfsmati við Orkuveituna í lok apríl sl. en Orkuveitan hefur verið aðili að kjarasamningi Eflingar og Reykjavíkurborgar.

Það hafði dregist talsvert að fá niðurstöðu í þetta mál en það var skýr krafa af hálfu Orkuveitunnar að þegar þeir væru búnir að uppfylla kröfu samningsins um starfsmatið, þá vildu þeir hverfa frá því.

Störfín hjá Orkuveitunni höfðu ekki farið í starfsmat, heldur var tekið mið af sambærilegum störfum hjá Reykjavíkurborg. Nánast öll störf hjá félagsmönnum Eflingar hjá Orkuveitunni eða um 95% félagsmanna voru að fá hækkun miðað við þetta viðmið. Hækkunin var þó mismikil og voru flokkstjórar að fá



Hús Orkuveitunnar

mesta hækkun.

Í nóvember nk. verður aftur tekið mið af niðurstöðu starfsmats Reykjavíkurborgar og munu starfsmenn Orkuveitunnar fá samsvarandi ábata og þau

störf sem tekið var mið af hjá Reykjavíkurborg.

Fljótlega verður stefnt að viðræðum um gerð nýs kjarasamnings Orkuveitunnar og Eflingar-stéttarfélags.



Ævintýri á sjó

Sérferðir fyrir hópa

Hvalir í kvöldsólinni. Siglt um sundin blá eða Vikingaslóðir sóttar heim eru dæmi um sérferðir sem við bjóðum upp á. Einnig getum við sérsniðið ferðir að þínum óskum, við erum opin fyrir öllum hugmyndum.

Sjóstangaveiði

Fyrsta flokks skemmtun fyrir stóra sem smáa hópa. Bar um borð og möguleiki á að skella aflanum beint á grillið og snæða á staðnum.

Jet Ski

Potur af nýjustu gerð, kraftmikil skemmtun fyrir t.d. gæsa- og steggjahópa, fyrirtæki sem og aðra hópa.

Hvalaskoðun

Sjáðu stærstu spendýr veraldar og upplifðu eftirminnilegann dag í náttúrunni. Þrjár ferðir daglega yfir sumarmánuðina.

Hringdu í síma:

555 3565

eða kíktu á:

www.elding.is

Elding - Reykjavík v/ Ægisgarð
Sími: 555 3565, Fax: 554 7420
info@elding.is, www.elding.is

Elding
adventure at sea

Hringsjá - starfsþjálfun fatlaðra

Byggir upp fólk til nýrra starfa

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Það vakti undrun og ánægju hjá okkur að sjá hvað merkilegt starf er unnið hjá Hringsjá, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar-stéttarfélags. Efling-stéttarfélag hefur að undanfögnu lagt aukna áherslu á að skoða alla möguleika til starfsendurhæfingar sem bjóðast hér til að mæta vaxandi örorkubyrði. Hér er verið að vinna við að byggja fólk upp sem hefur af ýmsum ástæðum hætt á vinnumarkaði, sagði Þórunn í samtali við Fréttablað Eflingar. Mér sýnist að þessi starfsemi sé að mörgu leyti til fyrirmyndar og ljóst er að hún sýnir umtalsverðan árangur, segir hún.

Þetta er afar merkileg starfsemi sem Hringsjá rekur. Við höfum einmitt verið að ræða úrræði okkar í endurhæfingarmálum og ég tel að hér höfum við

Starfið hjá Hringsjá snýst um hjálp til sjálfshjálpar og byggir fyrst og fremst á námi og kennslu, ráðgjöf, stuðningi og samvinnu

fundið úrræði fyrir marga til að koma til móts við fólk á örorkubótum sem vill vinna að því að ná færni aftur á vinnu-markaðnum.

Starfsemin er byggð þannig upp að fólk getur sótt um hjá Hringsjá til að komast í náms- og starfsendurhæfingu. Námið tekur í allt þrjár annir þar sem kennt er m.a. íslenska, enska, stærðfræði, bókfærsla, samfélagsfræði, tölvufræði, myndlist, námstækni og sjálfstyrking.

Starfið hjá Hringsjá snýst um hjálp til

sjálfshjálpar og byggir fyrst og fremst á námi og kennslu, ráðgjöf, stuðningi og samvinnu.

Veitt er náms- og starfsráðgjöf og sálfræðingur hefur vikulega hóptíma auk þess sem hann getur veitt einstaklingum stuðningsviðtöl.

Árangurinn af þessu vandaða starfi er mjög góður og eru um 70 % þeirra sem leita til Hringsjár ýmist í námi eða starfi.

Gott samstarf er við mikilvæga samstarfsaðila s.s. vinnuveitendur og skóla, endurhæfingarstofnanir og fleiri.

Við horfum með bjartsýni á þetta vandasama verkefni framundan að auka starfsendurhæfingu svo fólk geti unnið sig frá örorkunni í þeim tilvikum þar sem það er hægt og þar vænti ég góðs samstarfs frá Hringsjá, sagði Þórunn að lokum.



Myndarlegur hópur ferðalanga Eflingar-stéttarfélags stillir sér upp í saltnámunni í Wizlewizka eftir erfiða ferð niður í námuna.

Pólland

Gullfallett land og gestrисиð fólk

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Það voru ánægðir en þreyttir ferðalangar úr Eflingu-stéttarfélagi sem komu heim úr Póllandsferð 9. júní eftir að hafa farið frá nyrsta hluta Póllands við hafnarborgina Swinoujscie til Krakow sem er sunnarlega í landinu og síðan vestur til Berlínar og þaðan heim. Það sem kom mest á óvart í þessari ferð er hve ræktarland er óhemju mikið, einn akur frá sjó og inn að fjöllum á suðurlandamærunum, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar sem var fararstjóri í ferðinni

Athyglisvert er að sjá hvað hægt miðar í að koma efnahagsmálum á betri stað en laun eru lág og enduruppbygging hæg. Illa gengur að fá nýja aðila til að fjárfesta í Póllandi m.a. vegna skattakerfis. Það kom þægilega á óvart hvað pólskur matur er frábær og voru allir

ferðalangar sammála um það.

Heimsókn í saltnámurnar í Wizlewizka var ótrúleg upplifun. Það að fara 135 metra niður í jörðina og skoða listaverk úr salti auk námagangna gleymist ekki. Gangan niður var mjög erfið en forvitnileg.

Skoðunarferð um Krakow var mjög ánægjuleg og fór hópurinn að skoða fallegar gamlar byggingar og útímarkaði

með fallegu handverki Pólverja.

Áhrifamest var að koma til Auswitz en þar fór hópurinn um fangabúðirnar og upplifði og sá hinn ótrúlega hrylling útrýmingarþátta Hitlers. Ferðalangana setti hljóða yfir hörmungum þeirra sem þarna létu lífið. En um 1.1 milljón gyðinga og fjöldi fólks af öðrum þjóðernum létust eða voru myrt þarna að sögn Þórunnar.

Orlofsuppbót

Félagsmenn !!!

Munið eftir orlofsuppbótinni sem á að koma til greiðslu með launum um þetta leyti. Leitið upplýsinga á skrifstofu Eflingar ef þörf er.

Reynsla af námskeiðum Mímis

Kenndi þeim pólska leiki

- segir Aneta Maluszevska



Aneta Maluszevska hefur unnið á leikskólanum Gullborg í fjögur ár og er mjög ánægð með vinnustaðinn

Aneta Maluszevska, leiðbeinandi á Leikskólanum Gullborg, sagði að fyrsta nám-skeiðið sem hún tók þátt í hafi verið sjálfstyrkingarnámskeið sem var eingöngu ætlað fyrir Pólverja og var mjög gagnlegt og skemmtilegt. Í framhaldi af því ákvað ég að fara á fagnámskeið 1 fyrir starfsmenn á leikskólum sem var líka á vegum Mímis og Eflingar. Í fyrra fór ég svo á fagnámskeið 2 og ég verð að segja að bæði námskeiðin voru mjög vel skipulögð og námsefnið var mjög fjölbreytt. Ekki má heldur gleyma því að kennararnir stóðu sig frábærlega og við eigum þeim mikið að þakka hversu vel tókst til með námið.

Á fyrra námskeiðinu var aðal viðfangsefnið myndlist en á því síðara tónlist og hreyfing. Við máluðum m.a.

Á ársfundi Mímis-símenntunar þann 30. maí síðastliðinn, fluttu tveir félagar í Eflingu ávörp og sögðu m.a. frá reynslu sinni af námskeiðum sem Mímir stóð fyrir í samvinnu við Eflingu.

stórar myndir sem voru hengdar upp á vegg skólans. Á hinu námskeiðinu var mikið sungið og dansað og alltaf mikið stuð.

Aneta sagði ennfremur að hún hefði fengið margar hugmyndum að nýjum leikjum og öðrum viðfangsefnum síðastliðin tvö ár og hún hafi hugsað sér að nota þær í starfi sínu á leikskólanum næsta vetur.

Ég er að útbúa möppu með þessum hugmyndum og mun bjóða samstarfsfólki mínu að nota hana líka. Mér datt í hug fyrir nokkru síðan að kenna krökk-

unum á leikskólanum pólskan leik og núna vilja þau helst leika hann í kvíldinni á hverjum degi. Svo er ég líka að kenna þeim ýmsa leiki sem voru á námskeiðunum og tengjast myndlist og tónlist og þau hafa mjög gaman að því.

Mér finnst mjög vel staðið að fræðslumálum hjá Eflingu og Mímir-símenntun og námskeiðin sem ég hef sótt hafa aukið skilning minn á því að menntun er eingöngu til góðs. Núna langar mig til þess að fara í leikskólakennaranám en ég varð of sein að sækja um og verð því að bíða til næsta árs, sagði Aneta að lokum.

Karla Barralaga

Besti skólinn til að læra málið

Karla Barralaga byrjaði að vinna á Droplaugastöðum fyrir fjórum árum. Karla sagði að fyrsta árið hefði hún ekki treyst sér til þess að sækja námskeið sem voru í boði fyrir starfsfólkið, vegna þess að hún talaði ekki íslensku. En ári seinna var henni boðið að taka þátt í námskeiði í umönnun fyrir starfsfólk á Öldrunarstofnunum hjá Námsflokkum

Reykjavíkur og þá ákvað hún að slá til.

Mér fannst íslenskukunnátta mín orðin það góð að ég treysti mér til þess að taka fullan þátt í því sem fram færi á námskeiðinu. Það varð líka raunin og ég hafði mjög mikið gagn af því sem ég lærði.

Ég heyrði stundum minnst á Landnemaskólann í vinnunni og að einum

erlendum starfsmanni væri boðið að sækja skólann árlega.

Svo var komið að mér og ég var ekki lengi að hugsa mig um og þáði boðið. Námsefnið var sérstaklega hannað til þess að við gætum lært að tala og skrifa íslensku eins vel og mögulegt var á stuttum tíma og mér fannst okkur ganga nokkuð vel. Þá lærðum við líka á tölvur og það var mjög gaman. Samfélagsfræði var líka ein af námsgreinunum og þar fengum við upplýsingar um réttindi og skyldur okkar í samfélaginu. Eftir að skólanum lauk byrjaði ég að lesa dagblöðin og líta í bækur og hlusta á útvarp. Svo horfi ég á sjónvarp og tala við fólk þegar tækifæri gefst. Það finnst mér vera besta skólinn til þess að læra málið.

Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að fara á þessi námskeið og mun örugglega notfæra mér fleiri námsmöguleika sem verða í boði hjá Eflingu og Mímir-símenntun, sagði Karla að lokum.

Karla Barralaga er staðráðin að sækja fleiri námskeið sem verða í boði á vegum Eflingar



FÉLAGSMENN EFLINGAR BORGA 500 KR. Í STAÐ 700. KR. GEGN FRAMVÍSUN FÉLAGSSKÍRTEINA.

STÆRSTA OG FJÖLSÓTTASTA MINJASAFN Á LANDSBYGGÐINNI

Samgöngu- og Byggðasafnið í Skógum

Skógar er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, enda er þar mikil náttúrufegurð eins og víða undir Eyjafjöllum. Völ er á skemmtilegum gönguleiðum út frá staðnum, en einnig binni þekktu gönguleið Fimmvörðuháls-Þórsmörk. Að Skógafossi koma yfir 100 þúsund ferðamenn árlega og náttúruperlur eins og Eyjafjallajökull, Sólheimajökull og Dyrhólaey eru í næsta nágrenni.

Samgöngusafnið var opnað árið 2002 og er glæsilegt safn um sögu samgangna í landinu á 19. og 20. öld. Þar getur meðal annars að líta reiðtygi, verkstæði söðlasmiðs, hestvagn, fyrstu vélarnar, vegavinnutæki, símamínjasafn, póstmínjasafn, rafmínjasafn og fornþila af ýmsum gerðum.

Byggðasafnið í Sógum tók á síðasta ári á móti rúmlega 35 þúsund gestum. Á þessum víðfræga stað er varðveitt mikið safn gamalla muna og bygginga er vitna um lífsháttu og menningu genginna kynslóða. Á safnlóðinni eru einnig endurbyggð hús sem sýna þróun í húsagerð þjóðarinnar frá torfbæ til timburhúsa.


Skógakaffi. Í húsakynnum Samgöngusafnsins er verslun og veitingastaður. Þar er hægt að njóta veitinga eftir skoðunarferð um safnsvæðið. Opnið er frá kl. 10:00 til kl. 17:00 alla daga frá 1. júní til 15. september.

Söfnin eru opin daglega frá maí til ágúst
frá kl. 9:00 - 18:30.

Frá september - maí frá kl. 10:00 - 17:00.

Sími: 487 8845 - Fax: 487 8845 - Netfang: skogasafn@skogasafn.is - Veffang: www.skogasafn.is





Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**. Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík. Svar þarf að berast fyrir 10. ágúst nk.



Björg Gísladóttir hlaut vinninginn

Kemur sér vel í ferðalögin

Björg Gísladóttir var sú lukkulega að þessu sinni og má til gamans geta að Björg var nýverið í ferð Eflingar til Póllands og líkaði vel. Hún er einnig á leið í ferð félagsins til Norð-Austurlands og kemur vinningurinn sér því vel í ferðalögin. Á myndinni afhendir Hulda Hafsteinsdóttir, þjónustufulltrúi Eflingar, Björgu ávisun að upphæð 15 þúsund krónur. Til hamingju Björg!!!!!!

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
STRÁKAPÖR





TIL DANMERKUR Í FRÍÐ

BÍLALEIGA – SUMARHÚS

ÓDÝRIR bílaleigubílar
fyrir Íslendinga, t.d. vikugjald Dkr. 1.975

SUMARHÚS FRÁ DANCENTER
Verðlisti með yfir 7000 sumarhúsum um
alla Danmörku

ÍBÚÐIR Í ORLOFSHVERFUM
Lalandia

Verið velkomin á heimasíðu okkar
www.fylkir.is

International Car Rental

Umboðsmaður:
Fylkir Ágústsson
Fjarðarstræti 15
400 Ísafjörður

Fáið sendar frekari upplýsingar
Sími 456 3745
Netfang: fylkirag@fylkir.is
Veffang: <http://www.fylkir.is>



Niðurstaða:

Í kjarasamningi sem gildi um starfskjör K sagði að „...ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss...“ eigi hann rétt til greiðslu veikindalauna. Kjarasamningurinn gerir þannig að skilyrði að um óvinnufærni hafi verið að ræða hjá starfsmanni. Í lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests á launum og launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla segir í 5. gr. þeirra laga að verkafólk eigi rétt á veikindalaunum ef það „...forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa...“. Í lagaákvæðinu er rétturinn til launa í veikindum þannig ekki bundinn við óvinnufærni eins og í ákvæði kjarasamningsins, heldur geti önnur forföll komið til. Ákvæði laganna er þannig rýmra en ákvæði kjarasamningsins. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1979 er skýrt tekið fram að ákvæði í kjarasamningi séu ógild ef þau rýri rétt launþegans.

Niðurstaða dómsins

Á grundvelli laga nr. 19/1979 er það niðurstaða dómsins að forföll, þegar starfsmaður hefur farið í aðgerð sem er læknisfræðilega knýjandi, enda þótt hann hafi ekki verið óvinnufær þegar hann undirgekkst aðgerðina, falli undir 5. gr. laganna. Fyrir lá í málinu vottorð þess lækni sem gerði brjóstaminnkunaraðgerðina á K, þar sem fram kom að aðgerðin hafi verið K nauðsynleg. Niðurstaða dómsins byggði á því að samkvæmt vottorði læknisins hafi K farið í aðgerðina af læknisfræðilegri nauðsyn. Enda þótt K hafi ekki verið óvinnufær á þeim degi þegar hún fór í aðgerðina lítur dómurinn svo á að skilyrðum 5. gr. laga nr. 19/1979 hafi verið fullnægt. Leikskólinn var dæmdur til að greiða K umkrafin laun.

Í lokin má geta þess að niðurstaða í ofangreindu héraðsdómsmáli er í samræmi við dóma Hæstaréttar. Nefna má dóm Hæstaréttar í máli nr. 346/2001 þar sem deilt var um greiðslu veikindalauna vegna tíma er starfsmaður var frá vinnu vegna æðahnútaaðgerðar. Fyrir lá í málinu að samkvæmt vottorði lækni hafi verið læknisfræðilega nauðsynlegt fyrir starfsmanninn að fara í umrædda aðgerð. Niðurstaða Hæstaréttar byggði á vottorði læknisins og var litið svo á að þrátt fyrir að starfsmanninum hafi verið unnt að stunda vinnu sína fram að því að hann fór í umrædda aðgerð væri fullnægt skilyrðum laga til greiðslu veikindalauna þann tíma sem hann var óvinnufær vegna aðgerðarinnar.

Veikindalaun vegna læknisáðgerða

- eftir Huldu Rúriksdóttur, hdl.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur var kveðinn upp dómur þann 1. júní 2004 vegna deilu um greiðslu veikindalauna þann tíma sem starfsmaður var frá vinnu sinni eftir brjóstaminnkunaraðgerð. Dómurinn er um margt athyglisverður og rekur Hulda Rúriksdóttir, lögmaður Eflingar dóminn hér á eftir:

Málavextir:

Málavextir eru þeir að K starfaði á einkareknum leikskóla. Hún fékk leyfi frá vinnuveitanda sínum til að fara í brjóstaminnkunaraðgerð. Einnig þurfti hún leyfi í fjórar til sex vikur eftir aðgerð í leyfi til að jafna sig samkvæmt læknisvottorði. K var hinsvegar mætt til vinnu sinnar tveimur vikum eftir aðgerð vegna þrýstings frá vinnuveitanda. Kröfu K um greiðslu veikindalauna í tvær vikur eftir aðgerð, var stefnt fyrir dóm.

Rök starfsmanns

Til stuðnings kröfu K var byggt á því að brjóstaminnkunaraðgerðin hafi verið

Niðurstaða dómsins byggði á því að samkvæmt vottorði læknisins hafi K farið í aðgerðina af læknisfræðilegri nauðsyn

K nauðsynleg en hafi ekki verið gerð til fegrunar. Þess vegna beri að skilgreina fjarvistir vegna aðgerðarinnar sem veikindi sem skapi henni rétt til veikindalauna eins og hver önnur nauðsynleg læknisfræðileg aðgerð.

Rök vinnuveitanda

Af hálfu leikskólans var sýknukrafa byggð á því að K hafi ekki verið óvinnufær þegar hún hafi farið í brjóstaminnkunaraðgerðina og því hafi ekki verið um veikindi að ræða í skilningi ákvæða kjarasamnings. K hafi aldrei verið frá vinnu vegna stoðkerfisvandamála er rekja mætti til þess að hún hefði of stór brjóst. Þess vegna væri líklegast að K hafi viljað bæta útlit sitt og slíkan kostnað verði K að bera sjálf.

Nýr starfsmaður hjá Eflingu í sumar

Hef mikinn áhuga á vinnurétti

- segir Anna Lilja Sigurðardóttir

Anna Lilja Sigurðardóttir hefur verið ráðin í starf þjónustufulltrúa á skrifstofu Eflingar í sumar. Hún er með BA próf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík frá því í vor og hefur kynnst ýmsum störfum á samningssviði Eflingar m.a. unnið á Landsspítalanum og veitingastöðum. Anna Lilja segir að starfið komi sér mjög vel því að hún hafi mikinn áhuga á vinnurétti og sér gefist gott tækifæri til þess að kynnst lögfræðistörfum á skrifstofu félagsins, samhliða almennum störfum í kjaramálum.

Ég fór til London eftir útskriftina, á-



samt móður minni og heimsótti frænku mína og við skemmtum okkur mjög vel. Seinna í sumar langar mig svo að

fara til sólarlanda áður en ég byrja í mastersnámi í haust, sagði Anna Lilja að lokum.

Ertu á hraðferð?

NÝTT

Hröð afgreiðsla – lyfin beint í bílinn kl. 10–24 alla daga vikunnar

Lúga 1

- Móttaka lyfseðla
- Sala lausasölulufja

Lúga 2

- Lyfjaafgreiðsla
- Sala lausasölulufja

Lúga 3

- Upplýsingar og ráðgjöf
- Sala lausasölulufja

Hvernig get ég stýtt biðtímann?

- Biddu lækni að hringja eða símsenda lyfseðil í apótekið.
- Settu lyfseðil í bréfalúgu og sæktu lyfin við hentugleika.
- Geymdu lyfseðil í apótekinu og hringdu á undan þér – þá eru lyfin tilbúin þegar þú kemur.

Við erum í Hæðasmára, rétt fyrir ofan Smáralind (þar sem Ak-inn var áður með gula bílinn á þakinu)

Fyrsta bílaapótekið á Norðurlöndunum

BÍLAAPÓTEK LYFJAVALS



Einnig er hægt að leggja bílnum við framhlið hússins og ganga inn í rúmgott apótek sem er opið mánudaga til laugardaga kl. 10–19.



Lyfjaval

BÍLAAPÓTEK

OPIÐ 10–24

Lyfjaval.is • sími 577 1160



Hver sem **pú** ert...

...þá lögum við okkur að **pínum** þörfum!